

Afnotasamningur vegna lóðar við Hrafnartanga

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, annars vegar, og, f.h. KJ Hydraulik-2359, hins vegar, gerum með okkur eftirfarandi afnotasamning:

1.

Ísafjarðarbær heimilar hér með KJ-Hydraulik, afnot á lóð, afnot af svæði sem afmarkast í deiliskipulagi sem Hrafnartangi 6, sbr. umsókn og bókun, skipulags- og mannvirkjanefndar, dags. xx. júlí 2024.

Lóðin Hrafnartangi 6, er byggingarlóð og er ætlað til úthlutunar sem slíkri, lóðin er 4123 fm. að stærð og útmörk lóðar eru eins og þau eru sýnd á deiliskipulagstillögu frá Verkís ehf. dags. 22. Mars. 2024

2.

Ísafjarðarbær heimilar eingöngu afnotum tímabundið til eins mánaðar vegna samsetninga á fiskeldiskvíum að sinna uppgræðslu svæðisins í samvinnu við tæknideild. Ekki er heimilt að girða svæði af nema með samþykki tæknideildar Ísafjarðarbæjar. Að samningstíma liðnum skal girðing fjarlægð. Ekki eru veittar bætur fyrir girðingar eða annað sem notandi hefur gert á samningstíma. Notandi skal einnig fjarlægja allt rusl og sjá til þess að svæðið sé í sama eða betra standi og við upphaf samnings.

3.

Framangreind afnot eru heimiluð án endurgjalds en á móti annast notandi alla umhirðu á svæðinu og sér til þess að ástand lóðar sé með viðunandi hætti.

4.

Afnotasamningur þessi er til eins mánaðar, að þeim tíma liðnum framlengist tíminn ekki. Telji umsækjandi að hann þurfi lengri tíma, skal sækja um að nýju með nýrri umsókn og tilgreina tímabil afnota.

5.

Ef notandi stendur ekki við ákvæði samnings þessa, sérstaklega hvað varðar skil á lóð í sama eða betra standi og fjarlægingu á rusli að samningstíma loknum, þá áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til að gera kröfu á notanda fyrir þeim kostnaði sem til fellur við að koma lóðinni í viðunandi ástand. Þetta felur í sér kröfu um greiðslu fyrir alla vinnu og efni sem þarf til að laga svæðið.

6.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum, einu eintaki fyrir hvorn samningsaðila.

Ísafirði, xx.07. 2024

f. h. Ísafjarðarbæjar